

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Norðmannsgjöf, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. október 1961. 141
6. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Norðmannsgjöf.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Norðmannsgjöf og er eign Háskóla Íslands. Stofnandi sjóðsins er norskur Íslandsvinur, sem styrkja vill norræna menningarsamvinnu. Hann óskar að nafns síns verði ekki getið hvorki nú né síðar. Sjóðurinn er gefinn í tilefni af 50 ára afmæli Háskóla Íslands, og skal skýrt frá gjöfinni á háskólahátíð 1961. Til sjóðsins er einnig stofnað í tilefni af þeirri ákvörðun Dana að afhenda Íslendingum handrit í Danmörku.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2 millj. íslenskar krónur, og hefur það þegar verið afhent rektor Háskóla Íslands. Ávöxtun sjóðsins og varzla hans er í höndum rektors og háskólaráðs. Fé sjóðsins má ekki leggja í áhættusöm fyrirtæki, en ávaxta má það í tryggum verðbréfum með öruggum vaxtatekjum.

Stjórn sjóðsins er að öðru leyti í höndum stjórnarnefndar, sem háskólaráð kýs og skipuð er 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Stjórnin kýs sér formann og ritara.

Stjórn sjóðsins skal halda fundarbók, er löggilt sé af rektor Háskóla Íslands, og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlegum tekjum skal verja annaðtveggja til þess að verðlauna íslenzkan vísindamann, sem fjallar um málvísindi eða sagnfræði eða til útgáfu íslenzkra handrita eða handritafræða eftir ákvörðun stjórnarnefndar. Deila má fé því, sem til úthlutunar kemur, í tvo hluta. Nú telur stjórnarnefndin, að enginn maður sé verður að hljóta verðlaun tiltekið ár og ekki sé heldur vert að styrkja útgáfu handrita, og ber þá að leggja tekjur sjóðsins það ár við höfuðstólinn.

Úthlutun úr sjóðnum skal tilkynna 17. júní ár hvert. Fyrsta úthlutun fer fram 17. júní 1962.

4. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum frá Noregi eða Norðmönnum, sem dveljast utan Noregs, ef stofnandi sjóðsins fellst á það.

5. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.